

Sprotasjóður

Lokaskýrsla

Menntaskólinn á Akureyri

2016

Markmið verkefnisins samkvæmt umsókn.

Markmiðið var að gera nemendur hæfari til að taka ábyrgð á eigin námi. Fyrir séð er mikilvægi þessa bæði í nýju námskránni þar sem megináherslan er lögð á færni en auk þess gengur megin skólahugmynd tuttugustu og fyrstu aldar út á sjálfstæði nemenda í síkvikum heimi. Hraði breytinga í heiminum er sífellt að aukast og því er nú spáð að á næstu fimm árum verði meiri breytingar en á síðustu tuttugu árum. Menntaskólinn á Akureyri er vel meðvitaður um þessa stöðu og hefur verið að þróa leiðir til að efla nemendur í skólanum. Í því skyni hafa nemendur í MA gert starfendarannsókn til að svara spurningunni „Hvernig get ég bætt mig sem námsmaður“ Ávinningur af rannsókninni er mjög áhugaverður fyrir nemendur sem ná að sjá sig í öðru ljósi, út frá nýjum sjónarhóli sem er mjög upplýsandi fyrir þá. En þetta er ekki síður mikilvægt tól fyrir skólaþróunina þar sem niðurstöðurnar hafa veitt stjórnendum skýrari mynd á skólasterfið frá sjónarhóli nemenda. Markmiðið með verkefninu var að styrkja starfendarannsóknina sem lið í skólasterfinu og afla og vinna úr gögnum sem gætu varðað leiðina áfram sem leiddi til þess að nemendur við MA færu frá skólanum sem sjálfstæðir, burðugir námsmenn sem axla ábyrgð á námi sínu.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði

Farið var í töluverða heimildaöflun og rýni með það að markmiði að læra af starfi annarra með sama markmiði samhliða greinalestri og bókarlestri. Rýnt var í framkvæmd starfendarannsóknanna innan skólans, upplifun nemenda og framkvæmd þeirra við rannsóknarvinnuna. Ýmislegt kom í ljós við rannsókn aðferðarinnar eins og að ein helsta hindrun í gerð starfendarannsókna nemenda er yfirsýn yfir verkefni sem taka langan tíma ásamt litlu úthaldi. Dagbókarskrif er lyklatríði rannsóknarinnar og farið er fram á um 20 færslur á 30 dögum en það reynist mjög mörgum erfitt, ekki að skrifa heldur að muna eftir því að skrifa.

Almennt virðist það svo að nemendur koma upp úr grunnskólanum með það viðhorf að þótt skólinn veiti þeim stundum umboð til ákvarðana í námi sínu hafi þeir aldrei forræði fyrir þeim ákvörðum. Þeir eru uppteknir við að gera rétt og svara rétt og það er vörn í óvissu að gera ekkert. Regluleg skrif í dagbók reynir á þennan venjuhátt þeirra. Ígrundun þátta úr ólíkum áttum í eina niðurstöðu reynist þeim einnig mjög erfitt og flest þeirra skilja ekki vel hvað átt er við með ígrundun. Tilhneigingin er að skila af sér því augljósa og yfirborðskennda eða því fyrsta sem kemur í hugann. Það virðist sem fæst þeirra hafi þurft að ígrunda eða skila af sér ígrundaðri hugsun í grunnskóla og síst af öllu óhlutbundinni ígrundaðri niðurstöðu. Framhaldsskólinn virðist heldur ekki sinna þessu sem neinu nemur. Skýringarinnar er líklega að leita í uppbyggingu skólahugmyndarinnar sem skólakerfið okkar byggir á. Án ítarlegrar ígrundunar er ekki hægt að ná að fullu markmiðum starfendarannsóknarinnar. Ígrunduninni verður ekki komið á nema með innleiðingu nýrrar skólahugmyndar.

Leitin að leiðum til að styrkja starfendarannsóknir sem sjálfstyrkingartól nemenda leiddi til þeirra niðurstaðna að finna þurfti leið til að færa að töluverðu leyti forræði yfir námi sínu, í réttu samhengi við þroska og markmið. Með viðtöku á forræðinu þyrfti hann að hafa vald til þess að taka ígrundaðar og rökstuddar ákvarðanir um nám sitt og áherslur. Skólahugmyndin sem skólinn starfar undir þarf að styðja þetta.

Áhersla var lögð á að í heimildaöfluninni yrði til eins skýr mynd af skólahugmyndum tuttugustu og fyrstu aldar og hægt væri til hagnýtingar við skólaþróun. Niðurstaðan styrkti þær hugmyndir sem fyrir voru og skýrðu ýmsa mögulegar leiðir til að styrkja nemendur í starfi sínu sem námsmenn, gera þá hæfari til að taka ábyrgð á eigin námi sem grundvallist á sjálfsþekkingu þannig að hann gæti haft aukin áhrif á farsæld sína í námi.

Starfendarannsóknir eru formlegar rannsóknir og vinna nemenda er formleg og skýrslan sem þeir skila er formleg, eins og um hefðbundna félagsfræðilega skýrslu væri að ræða. Stjórnendum skólans og þá sérstaklega námsráðgjafar voru vel meðvitaðir um þau vandamál sem nemendur glíma við í sambandi við sjálfan sig og námið sitt. Hins vegar má segja að starfendarannsóknirnar hafi skýrt þá mynd og aukið á mikilvægi þess að skólinn breytti starfsháttum sínum því mikill meirihluti nemenda virtust vera í mikilli hættu á að missa fótanna í náminu og komast ekki almennilega á fætur almennilega aftur. Afleiðingin varð m.a. kulnun í námi, aukning í vélrænum vinnubrögðum sem leiddi að lokum til einangrunar frá náminu. Þetta var lóð á vogarskál sem leiddi til þess að við skólann var ráðinn sálfræðingur. Í kjölfar ráðningu hans er í myndun hópur sem með skipulögðum hætti mun þróa breytingastarfið innan skólans þannig að það takmark náist að nemandinn geti með auknum hætti haft áhrif á umgjörð sína, sjálfum sér til framdráttar. Sem hluti af þessu verkefni og á grunni starfendarannsóknarverkefnisins er skólinn um þessar mundir að hleypa af stokkunum nýrri vinnu hóps sem ætlað er að skila af sér fullunni hugmynd um nýja skólahugsun sem umverpist um nám nemandans og byggir m.a. á nýrri hugmynd um hreyfingu, heilbrigði og sjálfsmynd. Uppbyggilega sjálfsþekkingu í gegnum starfendarannsóknir námsmannsins og skólahugmyndir tuttugustu og fyrstu aldar þar sem nemandinn hagnýtir ímyndunaraflíð sitt í skapandi hópavinnu þar sem lögð er áhersla á námið og spurninguna í stað kennslunnar og svarsins þar sem áherslan er lögð á tenginguna. Um er að ræða mótun nýrrar skólamenningar og nýs skólabrags.

Gengið var til samstarfs við kennara á efsta stigi Brekkuskóla þar sem markmiðið var að skoða hvort og hvernig hugmyndin um starfendarannsókn gagnast á þessu aldurstigi. Gerð var tilraun með dagbóarskrif þar sem nemendur ígrunduðu daginn, hvað var unnið og hve mikinn tíma hvert og eitt lagði af mörgum í tilteknum námsgreinum. Í óformlegu viðtali við kennara Brekkuskóla að verkefninu loknu kom fram áhugi hjá þeim að vinna frekar með þetta þar sem þeim fannst viðbragð nemenda jákvætt í þessum greinum auk þess sem þetta hjálpaði kennurum við að ígrunda rökstyðja hina nýju einkunn á einkunnarskala bókstafa sem nemendum var gefin. Hugsanlega væri ávinningur að vinna með þessa hugmynd í efstu bekkjum grunnskólanna til sjálfsefningar þeirra fyrir framhaldsskólastigið. Nemandi með getu til að skrifa góða dagbók og halda þannig utan um námið sitt með skipulögðum hætti gæti nýtt sér mun betur framkvæmd starfendarannsóknar á framhaldsskólastiginu. Hann hefur líka skýrari mynd af sér sem námsmaður, getu sinni og áhuga. Þannig gæti hann tekið vandaðri ákvörðun um framhaldsnám sitt.

Tveir kennarar voru styrktir til ferðar á ráðstefnu í Bandaríkjunum, Oklahoma, þar sem fjallað var um nemandann í nýju skólahugmyndinni og hlutverk kennarans sem boðandi eða sem lærifaðir. Um mikilvægi sjálfsefningar nemandans og hvort sérstakt hlutverk læriföður innan skólakerfa sé leið fyrir skólakerfi sem eiga erfitt með að aðlagast. Ferðin var árangursrík bæði fyrir gestgjafana sem voru mjög áhugasamir um þessa nálgun á skólastarfið. Hugmyndin um læriföður innan skólans sem n.k. trúnaðarmaður nemandans hafði reynt vægast sagt afar gagnleg í þeim skólum þar sem unnið var með hugmyndina. Iðulega var þetta sjálfboðastarf utanaðkomandi aðila nálægt nemendum í aldri en þó þannig að þeir þekktu vel lífið utan skólans. Það gæti verið áhugavert að þróa þessa hugmynd innan skólans. Það mætti varpa fram þeirri hugmynd að fyrrum nemendur skólans, sem hafa hugsanlega lokið sínu háskólanámi, gerist læriföður/lærimæður nemenda skólans og þá í sjálfboðastarfi.

Það eru tvær megináherslur í starfi Menntaskólans á Akureyri, raungreinasvið og svo tungumála- og félagsgreinasvið. Það viðhorf hefur verið ríkjandi langt út fyrir veggi Menntaskólans að það sé allt að því eðlismunur á nemendum þessara sviða. Þetta er frekar almennt viðhorf í samfélaginu. Nemandur á raungreinasviði séu betri í rökshugsun og ályktunum, þau þurfi að leggja harðar að sér, hafi betra skipulag og betri sjálfsmynd sem nemandi. Skólaumhverfi þeirra er frekar ósveigjanlegt, hver áfangi

byggir á þeim sem á undan fór og lokamarkmið brauta miðist mikið við inngöngukröfur raungreinaeilda háskóla, í Menntaskólanum er miðað við Háskóla Íslands. Nemendur á tungumála- og félagsgreinasviði hafi þessa eiginleika ekki eða í svo litlu mæli að þau þrífist ekki á raungreinasviðinu. Þeirra skólaumhverfi sé mun sveigjanlegra, mikið um val og áfanga og ekki endilega auðsjáanlegt að sá sem síðari byggir mikið á þeim fyrri. Námskröfur ekki jafn stífar og þetta séu nemendur sem almennt hafi ekki jafn góða eða sterka sjálfsmynd sem námsmenn. Til samanburðar fengum við nokkra nemendur á raungreinasviði til að halda dagbók og gera starfendarannsókn og í kjölfarið var rætt við nokkra nemendur beggja sviða. Niðurstaðan var að það er ekki allur munur á nemendum sem námsmönnum milli þessara sviða. Munurinn er helst sá að raungreinanemendur búa við skýrari ramma þ.e. skýrari samfellu fjölbreytileikinn er minni og þau gera ekki ráð fyrir eigin forræði yfir náminu.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Skólahald er rígbundið í námskrá og kjarasamning kennara sem til viðbótar við undirfjármögnun skólakerfisins gefur lítinn sveigjanleika. Sömuleiðis getur gildismat gamla skólans verið hindrun og að einhverju leyti var það raunin í þessu verkefni.

Lykilatriði í eflingu nemanda og möguleikum hans á að axla með auknum hætti ábyrgð á námi sínu og vaxa sem námsmaður er að efla hlutverk hans innan skólans og því fylgir breyting á stöðu hans innan skólans, þarna liggur rótin að vandanum. Hlutverki nemandans verður ekki breytt nema því fylgi forræði í samræmi og það reyndist snúnara en gert var ráð fyrir. Þó reiknað hafi verið með því að það yrði snúið. Eins og skólakerfið er uppstíllt í dag eru nemendur illa búnir til að taka við því, ekki vanir að halda á því eða axla ábyrðina. Kennarar eru illa búnir til að láta forræðið af hendi fyrst og fremst vegna skólahugmyndarinnar sem þeir starfa innan. Til að þetta geti orðið þarf góðan stuðning skólastjórnenda og heimila. Ef það er raunveruleg ætlan skólayfirvalda landsins að auka hæfni nemandans þá þarf að auka rými nemandans innan kerfisins, önnur leið er ekki fær. Hins vegar virðist ekki vera gert ráð fyrir því í námskrá grunn- eða framhaldsskólanna. Því verður það að vera hlutskipti skólanna sjálfa að þróa skólamenningu og skólabrag sinn á þann veg að þetta sé hægt. Við Menntaskólann á Akureyri stendur vilji til þess.

Helsti ávinningur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfarið eða samhliða verkefnisvinnu

Upphaflega var megin þunginn ætlaður á starfendarannsóknina sem við erum að aðlaga og þróa að nemendum innan skólans. Fljótlega var ákveðið að staldra ekki bara þar vegna þess að niðurstaðan var sú að starfendarannsóknirnar, eins frábærar og þær eru, valda ekki þeim breytingum sem þurfa að verða til að nemandinn eflist sem námsmaður. Hindrunin er ríkjandi skólakerfi og það varð ljóst að allar hugmyndir er lúta að eflingu þeirra veikjast eða falla vegna kerfisuppsetningar skólakerfisins. Það kom svo í ljós þegar nemendur voru hvattir til að taka til sín forræðið í einhverri mynd að þau gátu það ekki, kunnu ekki að halda á því. Sumum fannst krafan um það óþægileg eða jafnvel ósanngjörn. Ef ætlunin er að breyta stöðu og hlutverki nemandans þarf hann að fá aukið forræði og geta valdið því. Það er fjarri að kerfið eða nemandinn geti staðið undir því. Þess vegna var verkið útvíkkað og við þá útvíkkun jókst ávinningurinn af verkinu til muna.

Athyglin beindist að skólahugmyndum tuttugustu og fyrstu aldar út frá hugmyndinni um eflingu nemandans sem námsmanns. Einföld könnun innan skólans leiddi í ljós að kennarar, hver og einn, höfðu töluverða þekkingu á því máli. Næsta skref er að hagnýta það. Þess utan var farið í

umfangsmikla yfirferð í lestur á þessum hugmyndum bæði á rafrænum síðum, gagnasöfnun og bókum.

Innan MA hefur í langan tíma, eða frá árinu 2006, verið unnið með hugtakið sköpun og þá út frá hagnýtingu ímyndunaraflsins í námi. Sú þekking sem þar er að finna reynist sérlega vel í þessu verkefni. Í því samhengi hefur umræðan um hagnýtingu tæknilausna í námi verið ofarlega og hvernig upptaka tæknilausna krefur notandann um forræðið og aukið nám enda er það í höndum nemandans að vinna þekkingu úr upplýsingunum m.a. með stuðningi tækninnar. Til að hagnýta tæknina þarftu að vita, ef þú ekkert veist þá verður tæknin eingöngu afþreyingatæki.

Þetta varð til þess að tekin hafa verið skref í átt að aðlögun skólamenningar og skóla brags MA í átt að skólahugmyndinni nýju og þá með nemandann í miðunni, stöðu hans, hlutverk og heilbrigði þar sem megináherslan liggur á nám nemandans frekar en kennslu kennarans. Styrkur Sprotasjóðs reyndist því hafa mun meira gildi fyrir skólaþróun MA en til stóð í upphafi. Ávinningurinn er krefjandi þróunarstarf sem verið er að leggja upp í að undirbúningi og fjármögnun lokinni en fjármögnunin ein og sér er hausverkur.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Hvort verkefnið hafi eða muni hafa áhrif á skólastarfið í heild fer eftir því hvernig menn kjósa að horfa á málið og hvort verkefninu sé lokið eða ekki. Starfendarannsóknirnar hafa aukið sýn stjórnenda á skólastarfið og þannig haft áhrif á viðhorf þeirra til þess sem gert er og þess þróunarstarfs sem framundan er. En ef litið er til síðasta árs þá eru áhrifin fyrst og fremst staðbundin m.a. var það þungt lóð á þá vogarskál að ákvörðun var tekin að ráða til skólans sálfræðing til að takast á við þau mál sem námsráðgjafar mátu að væri utan síns starfssviðs og krefðist annars konar sérhæfingu. Niðurstaðan úr verkefninu leiddi fram þörfina. Verkefnið hafði líka áhrif á hvernig starfendarannsóknin er lögð fyrir nemendur. Nú skila þeir inn verkefninu til yfirlestrar fyrir lokaskil en þannig verður ígrundunin betri (þótt hún reynist flestum erfið) og skýrslan skýrari.

Því verður haldið fram að verkefnið hafi haft áhrif en muni hafa meiri áhrif innan skamms tímaramma. Innan skólans hefur myndast óforlegur hópur kennara sem hafa áhuga á mótun nýrrar skólamenningar sem byggir á viðhorfum tuttugustu og fyrstu aldar skólahugmyndinni og byggir á námi og spurningum nemandans í stað kennslu og svari skóla iðnaðarsamfélagsins. Þessi vinna er í undirbúningi og grunnurinn að því var lagður með styrk Sprotasjóðs. Verkefninu er fjarri því að vera lokið og mun ávaxta sig næstu ár. Framkvæmdin hefur tekið lengri tíma en það ár sem ætlað var til verksins en að sama skapi hefur það styrkst til muna og umfang þess vaxið. Í raun hefur verkefnið getið af sér mun umfangsmeira starf en til stóð í upphafi.

Niðurstöður verkefnisins:

Þegar nemendur koma upp á framhaldsskólastigið hafa þeir verið tíu ár í skólakerfi sem hefur haldið á forræði náms þeirra. Þeir bera mjög takmarkaða, varla nokkra, ábyrgð á námi sínu. Hlutverk nemandans hefur verið að taka við leiðbeiningum og fylgja þeim í hvívetna ellegar uppskera refsingu í formi lækkunar á námsmati. Hans hlutverk hefur verið að svara spurningum en ekki spyrja þeirra. Framvinda þeirra innan kerfisins er þrælskipulagt og færslan innan þess sjálfvirk. Á unglingsstiginu er gerð tilraun til að losa um þetta fyrirkomulag en vandamálið er að forræðið er aldrei hjá nemandanum

sjálfum. Allt er þetta í anda hefðbundinna hugmynda okkar um skólastarf. Nemandi sem ætlar að taka aukna ábyrgð á eigin námi þarf að axla aukið forræði á eign námi. Það getur verið snúið því það felur í sér að kennarinn þarf þá að láta af hluta forræðisins eða allt að því allt. Nemandinn þarf að hafa góða mynd af sjálfum sér sem námsmanni svo hann geti stýrt framvindu sinni farsælega. Þessi yfirfærsla er ekki einföld og hún er mjög viðkvæm ef skólabragur og skólamenning styður hana ekki. Einnig þurfa kennarar að vera vissir í umboði sínu því ef illa er einfalt að láta hann standa eftir sem skaðvaldinn. Stuðningur stjórnenda skiptir hér miklu máli.

Starfendarannsóknin sem nemandinn framkvæmir er mikilvæg forsenda þessarar yfirfærslu því hún gefur nemandanum skýra mynd af honum sjálfum og þeim forsendum sem standa að honum. Þegar kemur að yfirfærslu forræðisins hafna nemendur almennt því að taka við því, þeir óttast ábyrgðina sem fylgir því og afleiðinguna ef eitthvað fer úrskeiðis. Það er venjulega mælt í tvennu, frávik frá kennsluáætlun og hugsanleg lækkandi einkunn vegna þess að nákvæmar skilaleiðbeiningar fylgja ekki lengur verkefnum, þeim er ætla að skrifa þær og óttinn er að þeir hitti ekki lengur vilja kennarans. Hans vilji vegur ekki lengur heldur einmitt þeirra eigin markmið og hvernig þeim gengur að nálgast þau.

Reyndar voru nokkrar leiðir til að fá þau til að taka meiri ábyrgð. Námsmati var breytt þannig að það vó meira hvernig það var unnið. Leiðsögn og veitt álit var aukið. Verkefnin voru brotin upp í smærri þrep en allt kom fyrir ekki. Þrátt fyrir að nemendur hefðu í upphafi beinlínis hafnað því að taka við forræðinu og ábyrgðinni þá voru þau jákvæðari þegar leið inn á önnina en önnin er óþægilega stutt. Því var ákveðið að vinna innleiðingu með nemendum þar sem sami kennari myndi kenna sömu hópum báðar annir skólaársins og efnið væri skylt. Það gaf mjög jákvæða raun. Nemendur þriggja bekkja í þriðja bekk tungumála- og félagsmálasvið sem á fyrri önn sóttu stjórn málafræði og á seinni önn sóttu kenningaráfangi þriggja greina, félagsfræðinnar, heimspekinnar og sálfræðinnar. Á fyrri önninni gekk þetta brösulega. Nemendum flestum fannst óþægilegt að þurfa að ákvarða sínar forsendur, sumum leið beinlínis illa yfir þessu. Fáeinir beinlínis óskuðu eftir að fá til sín verkefnið hefðbundið og þeir fengu það. Í lok fyrri annar var þó kominn svolítt bragur á vinnu þeirra, fjölbreytileiki í efnistöfum og efnismeðferð jókst aðeins.

Á seinni önninni var aðferðafræðin útskýrð aftur í þau, farið yfir þann ávinning sem fékkst á fyrri önninni og þau hvött til að taka stórt skref til viðbótar í að axla ábyrgðina. Fram kom rökstudd ósk um að losað yrði um viðveruskyldu samkv. stundatöflu, það var orðið við því. Í anda gagnkvæms trausts var viðvera samkvæmt stundaskrá leyst upp í 3 vikur. Kennarinn myndi mæta í alla tíma þannig að þau gætu alltaf gengið að honum ef þau þyrftu á honum að halda. Þau myndu gera grein fyrir vinnu sinni í gegnum vefviðmót sem hannað var að þessu tilefni en gert var ráð fyrir að þau myndu vinna í verkefninu þá daga sem þau áttu tíma skv. stundaskrá. Skilgreinin myndi standa fyrir mætingu þann daginn. Viðmótið var þannig hannað að það sá sjálft um að skrá tímasetningu innskráningar þannig að ekki var hægt að færa inn fyrir eða eftir vinnudaginn. Þetta byggði á trausti milli kennara og nemanda. Auðvitað gat nemandi falsað skilgrein, þótt hafa unnið en ekki gert það. En það gildir líka í skólafunni. Það kom fyrir að nemendur gleymdu að skrá sig en þá var því mætt með skilningi eftir að nemandi hafði útskýrt málið. Hlutverk kennarans var að vinna með nemendum, gefa þeim rými til að verða á, gera mistök og læra af þeim refsilaust. Ekki koma í veg fyrir að þeir keyrðu á vegg heldur hjálpa þeim á fætur eftir ákeyrsluna. Þetta gekk vel. Nemendur voru ánægðir með þetta fyrirkomulag, voru kjarkmeiri í vinnu sinni. Iðulega mættu fáeinir í kennslustund til að vinna eða litu við til að fá leiðbeiningu, álit eða til að setja hugsanir sínar í samhengi. Innihald og vinna verkefna var betri en á önninni á undan. Þetta gaf tilefni til að endurtaka leikinn, næsta tímabil náði yfir fimm vikur og árangurinn var jafn góður. Þeir nemendur sem áður höfðu beðist undan tóku nú þátt og þeim gekk vel. Í heildina hafði þetta góð áhrif á nemendur, þau efldust og námið var þeim skemmtilegra þar sem þau gátu lagt sínar áherslur innan námsins á þau svið sem þau höfðu meiri áhuga á. Námsmatið byggði meira á hvernig þau unnu verkefni, hvernig þeim tókst að leiða fram mál sitt, rökstyðja, heimildanotkun og ígrundun en það var kannski það sem þeim tókst síst upp með. Þau virðast ekki hafa mikla þjálfun í vandaðri ígrundun. Námsmatskvarðinn var skilgreindur og gefin út í upphafi annar og það virðist hafa haft jákvæð áhrif því þá gátu þau haft hann sem vegvísi miðað við hvernig þau mátu verk sitt. Hins vegar fannst þeim kannski þurfa fullmikið til ágætiseinkunnar. Það sem þurfti til að fá sjö fannst þeim ætti að duga til níu.

Að þessu loknu blasti það við að í lok annar hefði komið sér vel fyrir þau að framkvæma aðra starfendarannsókn til að þau gætu metið vonandi jákvæðar breytingar á leið sinni í að verða betri námsmenn. Það vannst hins vegar ekki tími til þess. Verkefnið gaf góða raun og það er fullástæða til að þróa það frekar og hefja strax í fyrsta bekk skipulagða vinnu sem þræðir sig í gegnum allar annirnar sex í þriggja ára skólanum til þessa persónuþroska sem aukin hæfni nemandans í að taka ábirgð á eigin námi færir honum.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum:

Í augnablikinu eru ekki til nein skipulögð áform um kynningu á afrakstri verkefnisins en það mun verða. Það hefur spurst út og þeir sem heimsækja skólann eða skólameistari á fund með fá iðulega að heyra um það. Hluti af þeim ferli sem nú er að fara í gang í kjölfar þessa verkefnis eða áframhald þessa verkefnis, fer eftir því hvernig á það er litið, felur í sér opna umræðu um eflingu nemenda í nýrri skólahugsun. Hluti af þeirri umræðu er verkefnið sem Sprotasjóður styrkti.

Verkefnið keypti lénið starfsthrounemenda.is þar munu birtast helstu niðurstöður og frekari kynning á starfendarannsóknarþættinum. Hingað til hefur ekki unnist tími til að koma því upp en það er sannarlega á dagskrá.